

2309. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn miðvikudaginn 13. mars 2024 og hófst kl. 16:00. Fundurinn var haldinn á Laugardalsvelli.

Mættir stjórnarmenn: Þorvaldur Örlygsson formaður, Helga Helgadóttir varaformaður, Ingi Sigurðsson varaformaður, Halldór Breiðfjörð Jóhannsson, Orri V. Hlökkversson, Pálmi Haraldsson, Tinna Hrund Hlynsdóttir, Unnar Stefán Sigurðsson (tók sæti á fundi kl. 16:18), Sveinn Gíslason og Þorkell Máni Pétursson.

Mættir starfsmenn: Jörundur Áki Sveinsson settur framkvæmdastjóri KSÍ, og Haukur Hinriksson lögfræðingur tók sæti á fundinum undir dagskrárlíð 3 og 4a.

Þá sat Klara Bjartmarz fv. framkvæmdastjóri einnig fundinn.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar var þegar samþykkt.
 - a. Fundargerð 2308.
2. Skipan í nefndir og starfshópa.
 - a. *Stjórn KSÍ samþykkti skipan í eftirtaldar nefndir:*

Fjárhags- og endurskoðunarnefnd

Ingi Sigurðsson, formaður
Sveinn Gíslason
Pálmi Haraldsson
Helga Helgadóttir
Hildur Jóna Þorsteinsdóttir
Starfsmenn: Bryndís Einarsdóttir og Jörundur Áki Sveinsson

Dómaranefnd

Halldór B. Jóhannsson, formaður
Egill Arnar Sigurþórsson
Bryndís Sigurðardóttir
Mist Edvardsdóttir
Hjalti Þór Halldórsson
Oddur Helgi Guðmundsson
Jóhann Gunnar Guðmundsson
Gunnar Jarl Jónsson
Starfsmenn: Magnús Már Jónsson, Pjetur Sigurðsson og Þóroddur Hjaltalín

Mótanefnd

Helga Helgadóttir, formaður
Björn Friðþjófsson
Hildur Jóna Þorsteinsdóttir
Linda Hlín Þórðardóttir
Sveinbjörn Másson
Ingi Sigurðsson
Þórarinn Gunnarsson
Baldur Már Bragason, ÍTF
Starfsmenn: Birkir Sveinsson og Guðlaugur Gunnarsson

- b. *Stjórn samþykkti að skipa eftirtalda jafnréttisfulltrúa; Tinna Hrund Hlynsdóttir (stjórn KSÍ) og Haukur Hinriksson (skrifstofa KSÍ).*
- c. Skipan annarra nefnda og starfshópa var frestað til næsta fundar.

Haukur Hinriksson tók sæti á fundinum.

3. Lög og reglugerðir

- a. Haukur Hinriksson upplýsti stjórn um að samþykktar lagabreytingar á þingskjali 7 og 9 hafi verið sendar til framkvæmdstjórar ÍSÍ til samþykktar.
- b. Haukur Hinriksson upplýsti stjórn um önnur mál frá ársþinginu sem flytja þarf í ferli. Málið verður unnið áfram unnið á milli funda, tilnefningar undirbúnar og verður málið síðan lagt til samþykktar á næsta stjórnarfund. Um er að ræða samþykktir á þingskjölum 19, 20 og 21. Varðandi þingskjal 19 um lánareglur var stjórn sammála um að sá frestur sem kom fram í samþykkri ályktunartillögu væri óraunhæfur. Haukur mun vinna málið áfram á milli funda.
- c. Stjórn var beðin um að kynna sér tillögu til breytinga á reglugerð KSÍ um heiðursviðurkenningar. Starfandi framkvæmdastjóra var falið að flytja tillöguna í gagnagátt stjórnar. Tillagan verður tekin til afgreiðslu á næsta stjórnarfund.
- d. Haukur Hinriksson kynnti niðurstöður starfshóps um nýjar siðareglur KSÍ, þ.e. tillögu starfshópsins um samþykktar- og kynningarferli. Stjórn KSÍ var sammála því ferli.
- e. Haukur Hinriksson kynnti vinnu starfshóps um endurskoðun staðalsamninga.
- f. Þá upplýsti Haukur um vinnu starfshóps sem kannar grundvöll fyrir leyfiskerfi í yngri flokkum
- g. Klara Bjartmarz fv. framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn vinnu starfshóps um kynjajafnréttismál. Gert er ráð fyrir að starfshópurinn starfi áfram.
- h. *Stjórn KSÍ samþykkti Handbók leikja 2024.*
- i. Halldór Breiðfjörð Jóhannsson, formaður dómaranefndar upplýsti stjórn um að þýðing á breytingum á Knattspyrnulögunum stendur yfir. Líklegt er að breytingarnar verði sendar stjórn til rafrænnar samþykktar á milli funda. Stjórn bað fyrir þökkum til Gylfa Þórs Orrasonar fyrir hans árlega framlag við þýðinguna.

4. Leyfiskerfi og vallarleyfi

- a. Haukur Hinriksson lögfræðingur KSÍ kynnti leyfiskerfi KSÍ, þátttökuleyfi og vallarleyfi fyrir stjórn.

Haukur Hinriksson vék af fundi.

- b. Lagt var fram til kynningar yfirlit yfir stöðu þátttökuleyfa. Fyrri fundur leyfisráðs verður haldinn fimmtudaginn 14. mars og sá síðari fimmtudaginn 21. mars. Um er að ræða 34 leyfi, tólf í Bestu deild karla, tíu í Bestu deild kvenna og 12 leyfi í Lengjudeild karla.
- c. Skil félaga á gögnum hafa gengið vel þrátt fyrir það eiga þrjú félög eftir að skila inn fjárhagsgögnum til yfirferðar.
- d. Unnar Stefán Sigurðsson formaður mannvirkjanefndar kynnti tillögu mannvirkjanefndar um vallarleyfi. *Stjórn samþykkti tillögu nefndarinnar sem hér segir:*

Vallarleyfi B – 2024

Skilyrði fyrir þátttöku í Bestu deild karla

Vellir með vallarleyfi til 31/12/2024
Stjörnuvöllur

Mannvirkjanefnd leggur til að eftirfarandi velli verði veitt vallarleyfi B til 31.12.2024:
KA-völlur, undanþága vegna fjölda sæta og þaks á stúku.

Mannvirkjanefnd leggur til að eftirfarandi velli verði veitt vallarleyfi B til 31.12.2025:
Félög í Bestu deild karla: Akranesvöllur, Framvöllur*, Fylkisvöllur*, Hlíðarendi, Kópavogsvöllur, Kórinn, KR-völlur, Víkingsvöllur, Kaplakrikavöllur
Félög í Lengjudeild karla og Bestu deild kvenna Hásteinsvöllur, Keflavíkuvöllur, Egilshöll

* með fyrirvara um gilda prófun á gervigrasi skv. reglugerð

Vallarleyfi Torfnesevallar á Ísafirði og leikvöllur Gríndavíkur frestað til næsta fundar.

Vallarleyfi C – 2024

Skilyrði fyrir þátttöku í Bestu deild kvenna og Lengjudeild karla

Vellir með vallarleyfi til 31/12 2024
Fjölnisvöllur, Leiknisvöllur, Njarðvíkurvöllur, Sauðárkróksvöllur Selfossvöllur, Þórsvöllur, Þróttarvöllur.

Mannvirkjanefnd leggur til að eftirfarandi velli verði veitt vallarleyfi C til 31.12.2025:
Gróttuvöllur*, Varmárvöllur, Dalvíkurvöllur*, ÍR völlum

* með fyrirvara um gilda prófun á gervigrasi skv. Reglugerð

- e. Stjórn KSÍ staðfesti greiðslu vegna leyfismála til félaga, í samræmi við samþykka fjárhagsáætlun 2024.
Áætlun 2024 = 20.550.000 kr
Besta deild karla 750 þús.
Besta deild kvenna 525 þús.
Lengjudeild karla 525 þús.

5. Móta- og dómaramál
 - a. Halldór Breiðfjörð Jóhannsson formaður dómarnefndar fór yfir undirbúning dómara fyrir komandi tímabil sem gengur samkvæmt áætlun..
 - b. Helga Helgadóttir formaður mótanefndar upplýsti stjórn KSÍ um stöðu mála við niðurröðun leikja fyrir komandi tímabil.
6. UEFA/FIFA
 - a. Klara Bjartmarz fv. framkvæmdastjóri upplýsti stjórn KSÍ um styrkjakerfi UEFA og FIFA. Rætt var um mannvirkjasjóð og er stjórn meðvituð um að taka þarf ákvörðun um framtíð sjóðsins sem fyrst. Málið verður skoðað betur á milli funda og tekið aftur á dagskrá næsta fundar.
 - b. Stjórn KSÍ samþykkti að setja hluta af FIFA Forward framlagi KSÍ upp í kostnað við Comet mótakerfið.
7. Önnur mál

- a. Formaður KSÍ, Þorvaldur Örlygsson, upplýsti stjórn um fundi sem hann hefur átt undanfarna daga, eða eru á dagskrá næstu daga. Annarsvegar er um að ræða fund með forseta og framkvæmdastjóra ÍSÍ og hins vegar fundur formanns og starfandi framkvæmdastjóra með borgarstjóra og FRÍ.
- b. Stjórn KSÍ var upplýst um úrskurð frá mennta- og barnamálaráðuneytinu vegna kæru sem send var til ráðuneytisins frá KSÍ. Var þar kærð sú ákvörðun Íþróttta- og Ólympíusambands Íslands að synja KSÍ um styrk úr Afrekssjóði ÍSÍ. Kæra var send til ráðuneytisins 4. mars sl. Úrskurður barst frá ráðuneytinu þann 12. mars þar sem kæru KSÍ er vísað frá. Knattspyrnusambandið hyggst fara með málið áfram til umboðsmanns Alþingis.
- c. Orri V. Hlökkversson formaður ÍTF upplýsti stjórn um kynningarfund deilda, 2. apríl, nýjum viðburði þar sem auglýsing Bestu deildanna verður kynnt. Þá ræddi Orri um fræðslu- og forvarnarátak sem ÍTF er að undirbúa í tengslum við veðmál. Þorkell Máni Pétursson ræddi um meðferðarúrræði í þessu sambandi.
- d. Formaður KSÍ, Þorvaldur Örlygsson, upplýsti stjórn um að 36 umsóknir bárust í starf framkvæmdastjóra. Starfshópur stjórnar vinnur að úrvinnslu umsókna í samræmi við ákvörðun síðasta stjórnarfundar.
- e. Stjórn KSÍ samþykkti dagsetningar næstu funda:
 - ✓ 17.apríl
 - ✓ 15.maí
 - ✓ 12.júní
 - ✓ 14.ágúst

Fundi slitið kl. 18:30

Fundarritarar

Klara Bjartmarz og Jörundur Áki Sveinsson

Aukafundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn föstudaginn 15. mars 2024 og hófst kl. 12:00. Fundurinn var haldinn á Teams.

Mættir stjórnarmenn: Þorvaldur Örlygsson formaður, Helga Helgadóttir varaformaður, Ingi Sigurðsson varaformaður, Halldór Breiðfjörð Jóhannsson, Orri V. Hlökkversson, Pálmi Haraldsson, Tinna Hrund Hlynsdóttir, Unnar Stefán Sigurðsson, Sveinn Gíslason og Þorkell Máni Pétursson.

Mættir starfsmenn: Jörundur Áki Sveinsson settur framkvæmdastjóri KSÍ, Haukur Hinriksson lögfræðingur KSÍ og Ómar Smáráson deildarstjóri samskiptadeildar.

Þá sat Klara Bjartmarz fv. framkvæmdastjóri einnig fundinn.

Á dagskrá fundarins var eitt málefni, landsliðsmál.

- 1 Rætt var um landsliðsmál:
 - a. Málefni A landsliðs karla, en framundan eru tveir umspilsleikir fyrir úrslitakeppni EM karla í Þýskalandi. Fyrri leikurinn er gegn Ísrael í Ungverjalandi, og síðari leikurinn gegn annaðhvort Bosnía-Hersegóvínu eða Úkraínu.
 - b. Málefni A landsliðs kvenna, en liðið hefur leik í Þjóðadeild UEFA strax í apríl. Stefnt er að því að heimaleikur liðsins gegn Póllandi 5. apríl fari fram á Kópavogsvelli.

Fleira var ekki á dagskrá og var fundi slitið kl. 12:45

Fundarritarar

Klara Bjartmarz og Jörundur Áki Sveinsson